Sþ. 708. Tillaga til þingsályktunar [376. mál]

um samstarfshóp til að tryggja jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna.

Flm.: Þórhildur Þorleifsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Málmfríður Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa samstarfshóp til að finna leiðir til að tryggja jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna. Um þær leiðir verður að vera fullt samráð svo að lögbinding lágmarkslauna nái tilætluðum árangri og verði raunverulega til að bæta kjör þeirra lægst launuðu og draga úr launamun og launamisrétti.

Samstarfshópurinn skal skipaður fulltrúum allra þingflokka og helstu samtaka vinnumarkaðarins.

Samstarfshópurinn skal skila niðurstöðum eigi síðar en 1. júní 1988.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt til að fylgja eftir frumvarpi um lögbindingu lágmarkslauna.

Tvennt hefur aðallega verið fundið lögbindingu lágmarkslauna til foráttu, þ.e. annars vegar að hún skerði frjálsan samningsrétt og í öðru lagi að ekki yrði hægt að stemma stigu við að sú hækkun, sem yrði í kjölfar lögbindingar lágmarkslauna, hlypi óheft upp launastigann með tilheyrandi afleiðingum, víxlverkandi hækkun launa og verðlags og óðaverðbólgu sem mundi koma harðast niður á þeim sem áttu að fá kjör sín bætt. Þar með hefði betur verið heima setið en af stað farið.

Um fyrra atriðið, skerðingu frjáls samningsréttar, er óþarft að fjölyrða hér, einungis skal ítrekað að samningsréttur skerðist aðeins að því marki að ekki má semja um laun undir lögbundnum lágmarkslaunum. Við hið seinna, þ.e. að lögbinding lágmarkslauna verði verðbólguhvetjandi, er rétt að staldra.

Ítrekað höfum við kvennalistakonur bent á að árangur lögbindingar lágmarkslauna sé einmitt undir því kominn að slíkt gerist ekki. Þess vegna leggjum við áherslu á víðtækt samráð allra aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd lögbindingar lágmarkslauna. Allir virðast sammála um að launabil sé of stórt, launamisrétti of mikið og nauðsyn þess að draga úr misskiptingu auðs og tekna. Það er almennt viðurkennt að þau grunnlaun, sem þeim lægst launuðu eru skömmtuð fyrir dagvinnu, dugi engan veginn til framfærslu og óhóflega langur vinnudagur sé því hlutskipti of margra. Nægir í þessu sambandi að vísa til stefnuyfirlýsingar og starfsáætlunar ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar en þar er ítrekað talað um mikilvægi þess að bæta kjör hinna tekjulægstu, stytta vinnutíma, taka tillit til þarfa fjölskyldunnar og jafnrétti kvenna og karla með sérstakri áherslu á launajafnrétti. Svipuð orð hafa aðilar vinnumarkaðarins ítrekað látið falla um markmið og stefnu í launamálum.

Það er því eðlilegt að þegar þessi yfirlýstu markmið bæði ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins nást ekki í samningum sé leitað ráða til að ná þeim með öðrum hætti. Jafnframt er það skylda fyrrnefndra aðila að gefa ekki upp á bátinn fyrri áform um leiðréttingu á misrétti og misskiptingu. Raunhæf leið til þess er veruleg hækkun grunnlauna fyrir 40 klst. dagvinnu og að tryggja jafnframt jákvæð áhrif með samræmdum aðgerðum og samkomulagi allra aðila.

Það er siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sjálfum sér af afrakstri fullrar dagvinnu.

Það er því siðferðileg skylda sem hvílir á Alþingi að sjá til þess að svo megi verða, með hverri þeirri aðferð sem dugir, lögbindingu lágmarkslauna ef ekki vill betur.